



Parabakki 3, 109 Reykjavík. Sími 568 9170, netfang lvbifreid@simnet.is

Alþingi  
Erindi nr. P 130/255  
komudagur 21.11.2003

Alþingi  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 21. nóvember 2003

**Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 3/1987 um fjáröflun til vegagerðar, og lögum nr. 29/1993 um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum. Breytingin felur í sér 8% hækkun á þungaskatti og vörugjaldi af eldsneyti.**

Hækkun á vörugjaldi af eldsneyti um 8% hækkar rekstrarkostnað fjölskyldubíls um kr. 20.000.- á ári samkvæmt útreikningum Félags íslenskra bifreiðaeigenda. Þessi hækkun nær ekki til reksturs vörubifreiða en samt telur sambandið að skattlagning á eigendur bifreiða sé það há fyrir að ekki sé rétt að hækka skatta nú með þessu móti.

Varðandi þungaskattinn er ljóst að atvinnugreinin getur ekki tekið á sig þessa hækkun, því mun hún leiða til hækkunar á flutningskostnaði. Okkar viðskiptavinir eru helst íbúar og fyrirtæki í hinum dreifðari byggðum landsins, ríki og sveitafélög og þeir aðilar sem standa fyrir framkvæmdum eins og t.d. húsbyggingum (oftast þá ungt fólk). Þessi hækkun á þungaskatti gæti leitt til 1-2% hækkunar á þeirri þjónustu sem vörubifreiðar veita.

Niðurstaða:

Landssamband vörubifreiðastjóra telur að þessi hækkun á vörugjaldi og þungaskatti sé skattahækkun sem kemur sér einna verst fyrir íbúa í dreifðari byggðum landssins, fjölskyldufólki og ungu fólki í framkvæmdum. Við höfum ekki skoðun á því hvað ríkið þarf til að reka þjórðarbúið þar með talið vegakerfið en teljum að sé þörf fyrir skattahækkun sé eðlilegra og réttlátara að hækka skattprósentu sem þessu nemur. Að okkar mati kæmi sú hækkun réttlátara út og bitnaði ekki einna harðast á fólki á landsbyggðinni og ungu fjölskyldufólki. Varðandi þau rök að þessi skattur hafi ekki hækkað samkvæmt vísitölu og okkar viðskiptavinir hafi því grætt svo og svo mikið hefði skatturinn hækkað samkvæmt því finnst okkur svo fráleit röksemdafærsla að hún sé varla umsagnarverð, við gætum t.d. hugsað okkur gallabuxur sem kaupmaður seldi á sama verði og 1999, getur þá kaupandinn státað af gróða því buxurnar ættu að vera hærri verðlagðar samkvæmt vísitölu. Þetta gæti verið tillaga auglýsingastofu.

**Landssamband vörubifreiðastjóra leggst alfarið gegn þessum breytingum og telur það ótrúlega skammsýni náí þær fram að ganga.**

Virðingarfyllst,

Knútur Halldórsson framkv.st. LV